

**Samstarfsfundur  
Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands  
um  
Samning SP um réttindi fatlaðs fólks**

Teams fundur 14. febrúar 2022

Rannveig Traustadóttir, prófessor emerita  
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum  
Háskóla Íslands

# Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks

## Yfirlit

- Af hverju sérstakan mannréttindasáttmála fyrir fatlað fólk?
- Hvaða gildi hefur samningurinn?
- Hvaða hugmyndafræði og skilningur á fötlun liggja til grundvallar samningnum?
- Hver eru markmið samningsins?
- Hver eru mikilvægustu grundvallaratriði samningsins?
- Umfjöllun um eina lykilgrein SRFF, 19. grein, ákvæði hennar og tengsl við aðrar greinar
- Hver er staða samningsins hér á landi – innleiðing, ávinningar og áskoranir?

# Heiti samningsins

Formlegt heiti samningsins á ensku og íslensku

- **Convention on the Rights of Persons with Disabilities (CRPD)**
- **Samningur (SP) um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)**
  - Samningurinn er mannréttindasáttmáli og því er iðulega vísað til hans sem sáttmála

## Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) – nokkur lykilatriði

- Er mannréttindasáttmáli, samþykktur á vettvangi SP og bindandi fyrir þær þjóðir sem fullgilda eða lögfesta hann:
  - Viðurkennir algild mannréttindi alls fatlaðs fólks
  - Kveður á um skyldur ríkja til að efla og vernda mannréttindi fatlaðs fólks
  - Skilgreinir hvernig aðildarríki skuli innleiða hann og um eftirlit með innleiðingunni
- **Stjórnvöld, ríki og sveitarsfélög**, þurfa að þekkja sáttmálann, ákvæði hans og skuldbindingar
  - Ríkisstjórn fullgildir og skuldbindur okkur sem aðildarríki samningsins. Innleiðing felur í sér að uppfylla skuldbindingarnar og það hvílir að stórum hluta á herðum sveitarfélaga
- **Fagstéttir og stofnanir** þurfa einnig að tileinka sér hugmyndafræði og ákvæði sáttmálans
- **Mikilvægt að fatlað fólk og samtök þess þekki sáttmálann og ákvæði hans**
  - Reynslan sýnir að réttindi fatlaðs fólks koma ekki sjálfkrafa. Þarf baráttu til...

# Af hverju sérstakan mannréttindasáttmála fyrir fatlað fólk?

- Er viðbragð við alþjóðlegum aðstæðum:
  - Um það bil 15% mannkyns er fatlað fólk
  - Er jafnframt þróunarvandi: Um 80% þessa fólks býr í þróunarlöndum
- Fatlað fólk um allan heim býr við skert mannréttindi, mismunun, fordóma og jaðarsetningu og er „fátækast allra fátækra“
- Fyrri mannréttindayfirlýsingar og -sáttmálar SP vernduðu ekki fatlað fólk
  - Fatlað fólk er þar ósýnilegt, álitid viðfangsefni annarra og skilgreint sem sjúklingar eða félagslegt vandamál
- Fatlað fólk á að hafa sama tilkall til allra mannréttinda sem áður hafa verið tryggð í sáttmálum SP
- SREFF útlistar hvaða þarf til að fatlað fólk njóti *í raun* réttinda til jafns við aðra

## Vinnan við sáttmálann

- **2001** var samþykkt á vettvangi SP að skipa nefnd til að vinna að samningi um réttindi fatlaðs fólks. Nefndin hittist átta sinnum í 2 – 3 vikur í senn
  - Vinnuhópar og undirnefndir unnu að ákveðnum hlutum og greinum
- **Fatlað fólk og samtök þess áttu mjög stóran þátt í gerð sáttmálans og höfðu mikil og afgerandi áhrif á mótun hans**
- Tók styttri tíma að vinna að þessum mannréttindasáttmála en nokkrum af fyrri sáttmálum SP

## Myndir frá fundum nefndarinnar í janúar og ágúst 2006



## Mikilvægar dagsetningar SRFF

- **13. desember 2006** Alsherjarþing SP samþykkir samninginn um réttindi fatlaðs fólks
- **30. mars 2007** var opnað fyrir undirritun – þann dag undirrituðu 120 ríki (Ísland var meðal þeirra) og Evrópusambandið samninginn
- **3. maí 2008** tók mannréttindasáttmálinn gildi þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann
- **23. september 2016** fullgilti Ísland samninginn
- **Lögfesting** – hefur verið í undirbúningi og er nú hluti af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar

Mikið af upplýsingum um SRFF er að finna á heimasíðu sérfræðinefndar/ eftirlitsnefndar SP (Committee on the Rights of Persons with Disabilities)


- <https://www.ohchr.org/en/hrbodies/crpd/pages/crpdindex.aspx>
- Hvet fólk til að skoða síðuna og kynna sér efnið á henni



## Samningur SP – Víðtæk alþjóðleg samstaða

- Mikil samstaða ríkir um þennan nýja mannréttindasáttmála – bæði á meðan á vinnunni við hann stóð og eftir á
- **Samningurinn hefur verið undirritaður og fullgiltur af flestum ríkjum heims**
  - 184 ríki hafa fullgilt
  - 7 til viðbótar hafa undirritað
  - 7 ríki hafa ekki gert neitt
- Ísland var eitt síðasta Evrópuríkið til að fullgilda

Fullgilding (184), undirritun (7), ekkert (7)



## Grundvallaratriði SRFF – Hvað er fötlun?

- Sáttmálinn hafnar því að fötlun sé einstaklingsbundið vandamálið sem býr innra með einstaklingnum heldur sé fötlun félagslegt fyrirbæri – og stafi af því að samfélaginu hefur mistekist að taka mið af margbreytileika mannfólksins og gera ráð fyrir öllum
- Það er samfélagið sem þarf að breytast – ekki fatlað fólk
- Sáttmálinn setur fram leiðir til slíkara breytinga

# Hvað er fötlun?

## Tvær meginleiðir til að skilja fötlun

### 1. Einstaklingsbundinn læknisfræðilegur / líffræðilegur skilningur

Lítur á fötlun/skerðingu sem “galla, eða “afbrigðileika” og líf fatlaðs fólks sem persónulegan harmleik

### 2. Félagslegur skilningur

Hafnar einstaklingsbundnum skilningi á fötlun og bendir á að samfélagslegar hindranir skapi flesta erfiðleika sem fatlað fólk þarf að takast á við (manngert umhverfi, fordómar, ...)

Rýnir í tengsl og samspil milli einstaklings og umhverfis/ samfélags. Fötlun verður til í þessu samspili

# Skilningur á fötlun í samningnum – félagslegur skilningur

## Markmiðsgrein (1. grein) segir:\*

- „Til fatlaðs fólks teljast m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.“

## Formálsorð liður (e) segir

- „...hugtakið fötlun þróast og verður til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangurstíka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.“

## Opinn skilningur á fötlun - Ekki stíft afmarkaður. Ekki endanleg skilgreining á fötlun

\* Allar tilvitnanir eru í nýjustu (fimmtu) útgáfu SRFF, sem ekki hefur verið birt opinberlega nema á vef Alþingis.

## Bætir SRFF einhverju við varðandi skilning á fötlun? Ef svo er – hverju er bætt við?

- **Til viðbótar við félagslegan skilning á fötlun sem SRFF byggist á – er krafa um mannréttindi**
- **Grundvallaratriði SRFF:**
  - Virða mannlega reisn fatlaðs fólks, jafnrétti, bann við mismunun, sjálfstætt líf, samfélagsþátttöku, aðgengi og einstaklingsbundin réttindi
  - Áhersla á öll sömu réttindi og í öðrum sáttmálum: borgaraleg og pólitísk réttindi jafnt sem efhahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi
  - **Fatlað fólk er hluti af “mannlegum margbreytileika og mannkyni” (3. gr) – ekki afbrigðilegt eða frávik**
  - Áhersla á margþætta mismunun (kyn og fötlun)
  - Dregur fram tengsl fátæktar og fötlunar

# Markmið SRFF

## 1. gr. Markmið

- „Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess.“

# Grundvallaratriði SRFJ eru skilgreind í 3. grein hans

## 3. gr. Almennar meginreglur

„Meginreglur samnings þessa eru eftirfarandi:

- a) virðing fyrir eðlislægri reisn, sjálfræði einstaklinga, þ.m.t. frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga,
- b) bann við mismunun,
- c) full og árangursrík þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar,
- d) virðing fyrir fjölbreytni og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni,
- e) jöfn tækifæri,
- f) aðgengi,
- g) jafnrétti á milli karla og kvenna,
- h) virðing fyrir stigvaxandi getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína“



## Hvaða réttindi kveður sáttmálinn á um?

- Sáttmálinn kveður á um sömu réttindi og þegar hafa verið viðurkennd í öðrum mannréttindasáttmálum
  - Aðlagar þau og útfærir miðað við veruleika fatlaðs fólks
  - Ekki kveðið á um ný réttindi

## Innleiðing og eftirlit með SRFF er flókið

- **Fjölbjóðleg og fjölþrepa stjórnsýsla skapar flækjur, erfiðleika og togstreitu við innleiðingu og eftirlit**
  - Alþjóðlegt stig innleiðingar og eftirlits (SP)
  - Fjölbjóðlegt stig og ríkjasambönd (t.d. ESB og Evrópuráðið)
  - Einstök lönd/ríki (hvert með sín lög, stefnu, stjórnsýslu – og eftirlit)
  - Svæðaskipulag – sýslur/þjónustusvæði o.s.frv.
  - Sveitarstjórnarstig
  - Daglegt líf okkar allra (samskipti, þjónusta, stuðningur, tengsl, ...)
- Sáttmálinn verður að vera innleiddur á öllum þessum sviðum – og eftirlit þarf að vera virkt á þeim öllum
- Eitt mikilvægasta sviðið er daglegt líf – og þar skipta hugmyndafræði, persónuleg samskipti, daglegt starf, tengsl, aðferðir og nálgun mestu

## **Þátttaka fatlaðs fólks við innleiðingu og eftirlit**

- **Lykilatriði að þátttaka fatlaðs fólks við innleiðingu og eftirlit verði virk og áhrifarík**
- **Fatlað fólk taki þátt:**
  - **Sem ráðgjafar** (einstaklingar)
  - **Sem fulltrúar samtaka fatlaðs fólks** (og endurspegli allar skerðingar, konur, karla, stúlkur og drengi, þjóðernishópa, aldurshópa, tekjuhópa, o.s.frv.)
  - **Sem ráðnir sérfræðingar** (t.d. innan ráðuneyta og sveitarfélaga)
  - **Sem eftirlitsaðilar með mannréttindum alls fatlaðs fólks** (fulltrúar þurfa að endurspeglar fatlað fólk í öllum þjóðfélagshópum, þvert á skerðingar, heimilisláust fólk, fólk sem býr á stofnunum, o.s.frv.)

## Lykilhlutverk fatlaðs fólks við innleiðingu og eftirlit

- Fatlað fólk lék lykilhlutverk við að forma og skrifa sáttmálann
- Sáttmálinn sjálfur kveður á um að sama skuli gilda um innleiðingu og eftirlit
  - Sáttmálinn kveður á um að ríki „hafi náði samráð við“ fatlað fólk og „tryggi virka þátttöku þess“ við ákvarðanatökuferli um mál sem snerta það (gr. 4.3)
  - Sáttmálinn kveður einnig á um að „Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem koma fram fyrir þess hönd, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu“ (gr. 33.3)

## Nokkur mikilvæg atriði til að tryggja að fatlað fólk geti tekið virkan og áhrifaríkan þátt

- **Fjárveitingar:** ríki og sveitarfélög verða að tryggja fé til að fatlað fólk og samtök þess geti styrkt þekkingu sína og sjálfstraust til að valdeflast og taka virkan þátt í ráðgjöf og ákvarðanatöku.
- **Samstarf sem jafningjar:** ríki og sveitarfélög ættu að hafa samstarf á jafningjagrundvelli við fatlað fólk og hlusta á sérfræðipekkingu þess.
- **Skilningur á fötlun:** allir verða að viðurkenna félagslegan skilning á fötlun eins og hann birtist í SRFF og byggja á mannréttindáherslum í starfi sínu.

# Hverjir eru ábyrgir fyrir innleiðingu SRFF?



## 19. grein. Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu

„Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:

- a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi,
- b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmis konar félagsþjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagsleggi stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun þess og aðgreiningu frá samfélaginu,
- c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þess.“

## 19. grein. Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu

- Rétturinn til að lifa sjálfstæðu lífi án aðgreiningar í samfélaginu er viðurkenndur sem sérstakur réttur í 19. grein SRFF
- Ákvæði og réttindi í 19. grein ná til alls fatlaðs fólks, burtséð frá skerðingu og stuðningsþörfum
- Ákvæði 19. greinar vísa ekki aðeins til búsetu eða búsetuþjónustu, heldur nær til allrar félagsþjónustu, svo sem heimaþjónustu og annarri stuðningsþjónustu til samfélagsþátttöku á öllum sviðum
- Ákvæði 19. greinar ná einnig til allrar almennrar þjónustu sem stendur öllum þegnum til boða, svo sem heibrigðisþjónustu, menntun, atvinnumiðlun,...



## **Lykilatriði 19. greinar**

- **Val á búsetustað**
- **Hvar og með hverjum fólk býr**
- **Aðgengi að margs konar suðningi til samfélagsþátttöku**
- **Jafnrétti í aðgengi að allri þjónustu sem almenningi stendur til boða**

## Rétturinn til að lifa sjálfstæðu lífi og taka þátt í samfélaginu

- Flestir sérfræðingar í SRFJ álíta 19. greinina vera kjarna sáttmálans.
- 19 greinin:
  - leggur áherslu á réttindi og valmöguleika til jafns við aðra – og á fatlað fólk sem einstaklinga með réttindi – ekki sem viðföng góðgerðar eða velferðar,
  - miðar að því að koma í veg fyrir félagslega útilokun, aðgreiningu, útskúfun og stofnanavistun,
  - hvetur til inngildandi umhverfis (umhverfis án aðgreiningar/ inclusive environment) og þátttöku í öllum þáttum lífsins,
  - hafnar lögum, ákvæðum og aðgerðum sem hindra sjálfræði og valfrelsi,

**Innleiðing 19. greinar á að auka persónulega færni, valdeflingu, sjálfsskilning og möguleika fatlaðs fólks**

## 19. Greinin tengist fjölmörgum öðrum greinum og ákvæðum SRFF

- Réttur fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og vera virkir þátttakendur er eitt af þeim þeim sem ganga í gegnum allan texta samningsins,

### Dæmi:

- **3. grein.** Almennar meginreglur, liður (c) kveður á um „fulla og árangursríka þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar“
- **5. grein.** Jafnrétti og bann við mismunun og **9. grein.** Aðgengi, eru lykilgreinar til að tryggja fötluðu fólki aðgengi að þjónustu og úrræðum fyrir almenning og að samfélaginu almennt
- **8. grein.** Vitundarvakning, kveður á um vitunaryakningu m.a. „til þess að vinna gegn staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki...“ (liður b) og „til þess að efla vitund um getu og framlag fatlaðs fólks“ (liður c)
- **26. grein.** Hæfing og endurhæfing, til að efla fatlað fólk til „...að taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins án aðgreiningar“

## 19. grein tengist fjölmörgum ákvæðum SRFF frh...

### Fleiri dæmi:

- **12. grein.** Jöfn viðurkenning fyrir lögum, er lykilatriði varðandi sjálfsákvörðunarrétt og stjórn fatlaðs fólks á eigin lífi, en það eru lykilatriði til að geta nýtt réttindi 19. greinar um val og stjórn á daglegu lífi
- Virðing fyrir Frelsi og öryggi einstaklingsins (**14. grein**) og vera ekki sviptur frelsi með ólögumætum hætti er grundvöllur að því að fatlað fólk geti tekið þátt í samfélaginu til jafns við aðra
- Aðgerðir til að vinna gegn samþættri mismunun fatlaðra kvenna (**6. grein**) og sérstökum hindrunum í vegi fatlaðra barna (**7. grein**) eru líka mikilvæg atriði sem þarf að taka sérstakt tillit til við innleiðingu 19. greinarinnar
- Og margt fleira ...

# Hvað er „sjálfstæði“ og „sjálfstætt líf“?

- Hreyfing fatlaðs fólks um sjálfstætt líf ögrar hefðbundnum skilningi á sjálfstæði
  - Sjálfstæði felst **ekki** í líkamlegri eða vitsmunalegri færni til að sjá um sig sjálf og framkvæma alla hluti án aðstoðar
  - Sjálfstæði felst í því að hafa aðgang að þeirri aðstoð og stuðningi sem þarf til að geta tekið þátt í daglegu lífi í samfélaginu til jafns við aðra

## Rannsóknir á innleiðingu 19. greinar

- Rannsóknir víða um lönd – þar meðtaldar athuganir og eftirlit sérfræðinganevndar SRFF (í skýrslum og viðtölum aðildarríkja) – hafa bent á margs konar hindranir við innleiðingu á 19. greininni
- Þetta á líka við um Norðurlönd
- Ein af athugasemdum sérfræðinganevndar SP varðandi Norðurlönd er að mikil dreifistýring hafi leitt af sér mismun milli sveiarfélaga og ójafna möguleika að lifa sjálfstæðu lífi í viðkomandi landi
- Rannsóknir benda til þess að enn sé langt í land þar til ákvæði og kröfur 19. greinar hafa verið innleiddar/ uppfylltar
- Rannsóknir eru miklvægt tæki til að finna og skilgreina hindranir og brot á 19. greininni, ásamt því að finna og skilgreina „bestu“ framkvæmd/innleiðingu – og geta stutt við að þróa leiðir við að uppfylla ákvæði SRFF

## **Þýðing sáttmálans á alþjóðavettvangi og einstökum löndum**

- **Sáttmálinn markar söguleg tímamót** þar sem þjóðir heims sameinast um átak í mannréttindum fatlaðs fólks
- **Sáttmálinn festir í sessi nýja hugmyndafræði** byggða á sjónarhorni mannréttinda með áherslu á jafnrétti, virðingu og mannlegan margbreytileika
- **Sáttmálinn skapar jákvætt og hvetjandi alþjóðlegt umhverfi**, einstakt tækifæri, setur fram kröfur um staðbundið og alþjóðlegt samstarf til framþróunar á grundvelli hans

## Innleiðing samningsins hér á landi

- Íslensk stjórnvöld hafa fullgilt sáttmálann. Felur í sér skuldbindingu um að innleiða ákvæði hans. Ýmislegt þegar gert:
  - Framkvæmdaáætlanir í málefnum fatlaðs fólks gerðar í fyrsta sinn (rann út 2021)
  - Ný lög – sérstaklega lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018). Þessi lög eru nú í endurskoðun. Ath löggin eru þjónustulög – ekki réttindalöggjöf
  - Fjölmargar nýjar reglugerðir
  - Lögfesting hefur verið á dagskrá Alþingis (fyrst 2019) en ekki hlotið afgreiðslu
- Til að sáttmálinn hafi áhrif hér á landi þarf fatlað fólk, kjörnir fulltrúar, stjórnendur, fagfólk, fræðafólk og aðrir að hafa þekkingu á honum og ákvæðum hans
- **Sáttmálinn hefur einungis áhrif ef fyrir hendi er þekking á innihaldi hans og vilji til að vinna að þeim breytingum sem hann kveðjur á um**



# Innleiðing samningsins hér á landi – nokkur orð um stöðuna

## Margt vel gert en þó atriði sem vantar eða mega betur fara

- Opnbera stjórnarsýslu þarf að færa betur að ákvæðum SRF (grein 33)
  - Setja á laggirnar sjálfstæða mannréttindastofnun – er í stjórnarsáttmálanum
  - Skýra betur hvernig samræmingu og eftirlit er háttað, hver hefur hvaða hlutverk
- Setja þarf viðtæka löggjöf um bann við mismunun
- Fyrsta skýrsla til sérfræðinganevndar/ eftirlitsnefndar SP með sáttmálanum, mikilvægt að læra af því ferli – mikilvægi skuggaskýrslu í því sambandi
- Afar erfiðlega hefur gengið að fá viðunandi íslensku útgáfa á sáttmálanum – í umferð fjöldi óviðunandi og rangra þýðingar sem þarf að taka úr umferð
- Stjórnvöld hafa ekki kynnt sáttmálann eða innleiðingu hans með skipulegum hætti með vitundarvakningu og fræðslu. Þarf að auka þekkingu á ákvæðum hans
- Stjórnvöld hafa ekki birt samninginn á aðgengilegu formi fyrir allt fatlað fólk t.d. á táknmáli, auðlesnu máli...

## Innleiðing

### Alvarlegt klúður í þýðingu á texta sáttmálans á íslenska tungu

- **Fyrsta útgáfa**, kom fljótlega eftir undirritun. Mjög slæm og algerlega ónothæf
- **Önnur endurskoðuð útgáfa** – 2009. Skárri en gölluð og ónothæf
- **Þriðja útgáfa** – 2013. Var að hluta haft samráð við fatlað fólk og fræðasamfélagið. Er besta útgáfan en þurft samt lagfæringar við
- **Fjórða útgáfa** fylgdi þingsályktunartillögu um fullgildingu – 2016. Ónothæf. Mjög alvarlegar villur. Unnin án nokkurs samráðs
- **Fimmta útgáfa** var sett í samráðsgátt 2019. Eftir talsvert þref var þessi útgáfa endurskoðuð árið 2020 í samráði við samtök fatlaðs fólks og er sátt um þessa útgáfu. Bíður lögfestingar Alþingis.
- **Afleiðingin er sú að fjöldi af úreltum og gölluðum útgáfum eru á sveimi. Erfitt að vita hvaða útgáfu skal nota. Slóð á rétta útgáfu á vef Alþingis [960/151 stjórnartillaga: Ný þýðing á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)**

## Stuttlega um helstu ávinninga við innleiðingu SRFF á Íslandi

- Kynning á SRFF og innleiðing hans hér á landi gerðist á svipuðum tíma og flutningur málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 1. jan 2011.
- Við flutning málaflokksins til sveitarfélaga varð fatlað fólk að „íbúum sveitarfélaganna“ – voru áður „þegnar ríkisins“, á ábyrgð ríkisins og þar með utan við ábyrgð sveitarfélaga
- Yfirfærsla málaflokksins jók til mikilla muna athygli á fötluðu fólki og málefnum þess innan sveitarfélaga - og hefur aukið almenna þekkingu á málefnum fatlaðs fólks og ekki síst sérfræðiþekkingu innan sveitarfélaga
- Þegar fatlað fólk tilheyrði sinni heimabyggð til jafns við aðra og gat sótt þjónustu á sama stað og aðrir, varð þjónustan meira aðlaðandi og aðgengileg
- Aðsókn í stuðning og aðstoð jókst með betra aðgengi, meiri þekkingu, breyttri hugmyndafræði, áherslum á mannréttindi og nýjar sveigjanlegri þjónustuleiðir (aukin eftirspurn af þessu tagi er þekkt frá fyrri grundvallarbreytingum á hugmyndafræði og þjónustu um 1970)

# Stuttlega um helstu áskoranir við innleiðingu SRFF á Íslandi

- Sveitarfélög vanmátu þær áskoranir sem fylgdu málaflokknum við yfirfærsluna 2011 – og voru ekki undirbúin fyrir þennan flókna málaflokk
- Eftir yfirfærslu hafa Alþingi, ríkisstjórn og ráðuneyti sett lög, reglugerðir og viðmið sem sveitarfélögum er ætað að vinna eftir – oft án þess að fjármögnun eða stuðningur af öðrum toga fylgi
- Fjölpæpa stjórnsýsla og dreifistýring, sem leiðir m.a. til ójöfnuðar í þjónustu
- Togstreita ríkis og sveitarfélga um málaflokkinn, einkum fjármögnun
- Óþolandi fyrir fatlað fólk (börn, ungmenni og fullorðið fólk) að vera álitin baggi á sinni heimabyggð og/eða samfélaginu í heild.
- Skortur á þekkingu á SRFF, kröfum hans og innihaldi – á nær öllum þrepum og sviðum
- Langvarandi og inngónir fordómar, neikvæð viðhorf og staðalmyndir af fötlun og fötluðu fólki
- Fatlað fólk og samtök þess hafa takmarkaðan aðgang að þátttöku í stefnumótun, lagasetningum, innleiðingu og eftirliti, bæði hjá ríki og sveitarfélögum
- Skortur á samstarfi meðal hagsmunaaðila, milli stjórnsýslupæpa, einginga og sviða ...
- Skortur á rannsóknum og tölfræðilegum upplýsingum

## Að lokum

- Samningurinn um réttindi fatlaðs fólks er viðamikill og flókinn mannréttindasáttmáli
- Í þessari kynningu hefur einungis verið unnt að fjalla um nokkur af mikilvægustu ákvæðum hans
- **Margt hefur ekki verið nefnt, atriði sem skipta miklu, svo sem**
  - Lykilgreinar um fjölskyldur fatlaðs fólks, atvinnumál, menntun, sjálfræði, aðgengi, vitundarvakningu og margt fleira
  - Ákvæði samningsins um stjórnslu við innleiðingu og eftirlit innanlands
  - Sérfræðinganefnd SP og alþjóðlegt eftirlit
  - Líflegt alþjóðlegt samstarf um innleiðingu SRFF um allan heim

Ég hvet sveitarfélögin að fylgja þessum fræðslufundi eftir með frekari umfjöllun um fleiri þætti samningsins

Rannveig Traustadóttir, prófessor emerita  
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum  
Félagsvísindasvið  
Háskóla Íslands  
rannvt@hi.is